


Nr.: STE-010	Fisktækniskóli Íslands	 Fisktækniskóli Íslands Icelandic College of Fisheries
Útgáfa: 01		
Dags.: 25.09.2020		
Höfundur: ÞD,PVB		
Samþykkt: KS		
Síða 1 af 7		
Jafnréttisstefna		

1. JAFNRÉTTISSTEFNA

Fisktækniskóla Íslands setur sér eftirfarandi jafnréttisstefnu sem byggð er á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008, með áorðnum breytingum; einnig lögum um jafnlaunavottun 56/2017 og meðf. reglugerð.

Markmið jafnréttisstefnu er að tryggja að fyllsta jafnréttis kynjanna sé gætt í hvívetna í skólanum og að bæði nemendur og starfsfólk fái notið sín á eigin forsendum án tillits til kynferðis. Halda skal sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í öllu starfi innan skólans sé þess kostur. Markvisst skal unnið að kynjasamþættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum skólans. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og skal vinna á virkan hátt gegn slíkri mismunun. Kynbundið ofbeldi eða áreitni er ekki liðin en í 22.gr jafnréttislaga nr. 10/2008 þar sem fjallað er um kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni segir:

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstaðingar verði fyrir [kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni] 1) á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum“.

Með jafnréttisstefnu skólans er unnið markvisst að því að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og að vinna gegn neikvæðum staðalímyndum. Jafnréttisstefnu Fisktækniskóla Íslands er fylgt fram með jafnréttisáætlun.


Þessi jafnréttisáætlun er kynnt almenningi á heimasíðu Fisktækniskóla Íslands.

2. JAFNRÉTTISÁÆTLUN

Jafnréttisáætlun Fisktækniskóla Íslands er verkfæri til þess að hrinda stefnunni í framkvæmd með markvissum hætti. Jafnréttisáætluninni er skipt í tvennt og tekur annar hlutinn til vinnustaðarins, þ.e. starfsfólks skólans og rekturs hans, en hinn hlutinn til nemenda, náms og kennslu, þ.e. skólastarfsins. Áætlunin er liður í því að jafna stöðu og virðingu kvenna og karla innan skólans og minna starfsfólk, stjórnendur og nemendur á mikilvægi þess að allir fái notið sín án tillits til kynferðis.

Jafnréttisnefnd Fisktækniskóla Íslands ber ábyrgð á að gera jafnréttisáætlun á grundvelli jafnréttisstefnu skólans.

Jafnréttisáætlun nær til allrar starfsemi skólans. Stjórnendur bera sameiginlega ábyrgð á framgangi jafnréttismála. Gæðastjóri er fulltrúi stjórnenda sem ber ábyrgð á innleiðingu á jafnlaunakerfinu (IST-085:2012). Stjórnendur skuldbinda sig til þess að fylgja lögum sem varða jafnan rétt kynja til launa fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Þeir sjá um að halda uppi stöðugum umbótum sem varða jöfnun á kynbundnum launamun fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf innan hvers stéttarfélags. Ef kynjabundin ójöfnuður launa kemur upp ber að bregðast við því skv. umbótaferlum skólans og fylgja verkferli „Úrbætur áhættugreining“. Að jafnaði skal þess gætt að óútskýrður kynbundinn launamunur sé ekki meira en 3%. Yfirstjórn og gæðastjóri í hennar umboði skulu: 1. hafa gætur á að jafnréttisáætlun sé fylgt; 2. óska eftir því að yfirstjórn ræði reglulega um jafnréttismál og leggja fram tillögur um sértækar aðgerðir

Nr.: STE-010	Fisktækniskóli Íslands	
Útgáfa: 01		
Dags.: 22.03.2020	Jafnréttisstefna	
Höfundur: ÞD		
Samþykkt: KS		
Síða 2 af 7		

í samræmi við markmið jafnréttisáætlunar; 3. afla tölfræðilegra upplýsinga um þætti sem varða áætlunina og 4. gera tillögur að endurskoðun hennar.


Áætlunina skal endurskoða á þriggja ára fresti og meta með hliðsjón af jafnréttisstefnunni og þeim árangri sem náðst hefur samkvæmt settum mælikvörðum.

2.2 VINNUSTAÐURINN

Þeir þættir sem litið er til eru

- **Ráðningar.** Hafa skal öll kyn í huga þegar störf eru auglýst en samkvæmt lögum nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði mega einstaklingar sjálfir skilgreina kyn sitt (sbr. 1. gr.) og í lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði segir að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna umsækjendum um starf vegna m.a. kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningu. og leitast við að halda hlutfalli kynjanna eins jöfnu og frekast er unnt. Gæta skal jafnréttissjónarmiða til jafns á við önnur sjónarmið við ráðningar í skólanum.


Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Auglýsingar innan skólans séu ókyngreindar og höfði til beggja kynja.	Skólameistari Jafnréttisfulltrúi	Kanna auglýsingatöflur skólans	Jafnréttisfulltrúi fylgist með að unnið sé samkvæmt áætluninni, kannar stöðuna tvisvar á ári (einu sinni á hvorri önn) og upplýsir jafnréttisnefnd.
Að auglýsingar mismuni ekki kynjum og höfði til beggja kynja og eftir því hvernig fólk kyngreininir sig.	Skólameistari Jafnréttisfulltrúi	Kanna auglýsingar sem birtast frá skólanum	Jafnréttisfulltrúi fylgist með að unnið sé samkvæmt áætluninni, kannar stöðuna tvisvar á ári (einu sinni á hvorri önn) og upplýsir jafnréttisnefnd.
Að tölfræðilegar upplýsingar séu kyngreindar eftir því sem við á.	Skólameistari Jafnréttisfulltrúi	Leitast við að kyngreina upplýsingar á vef og í fréttatilkynningum	Jafnréttisfulltrúi fylgist með að unnið sé samkvæmt áætluninni, kannar stöðuna tvisvar á ári (einu sinni á hvorri önn) og upplýsir jafnréttisnefnd.

Nr.: STE-010	Fisktækniskóli Íslands	 Fisktækniskóli Íslands Icelandic College of Fisheries
Útgáfa: 01		
Dags.: 22.03.2020		
Höfundur: ÞD		
Samþykkt: KS		
Síða 3 af 7		
Jafnréttisstefna		


- **Ráðningarkjör.** Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað og skulu viðmið við ákvörðun launa vera skýr og öllum ljós. Við ákvörðun launa er unnið skv. jafnlaunastaðli ÍST-85:2012 sem er grundvöllur fyrir vottunarkerfi að því er varðar launajafnrétti kynja í skólanum.
- **Starfsaðstæður.** Innan skólans skal leitast við að gera öllum óháð kyni kleift að samræma sem best starfsskyldur sínar og fjölskylduábyrgð s.s. vegna óska um töku fæðingar- og eða foreldraorlofs, eftir því sem starfstími og skipulag kennslu leyfir.
- **Endurmenntun, símenntun og starfsþjálfun.** Allt starfsfólk óháð kyni á að hafa jafna möguleika til að sækja sér endurmenntun, símenntun og starfsþjálfun við hæfi.
- **Starfsframi, verkefni og ábyrgð.** Starfsfólk óháð kyni skal hafa jafna möguleika á starfsframa innan skólans. Gæta skal jafnréttissjónarmiða við skiptingu verkefna og deilingu ábyrgðar meðal starfsfólks. Við skipan í nefndir og ráð skal gæta þess að kynjahlutfall sé sem jafnast. Starfsaðstæður skulu taka mið af kynjasjónamiðum og stefnt er að jöfnum áhrifum karla og kvenna í skólanum.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að karlar og konur hafi sömu tækifæri til náms.	Skólameistari Jafnréttisfulltrúi	Aðgengi að námi sé óháð kynferði.	Árlegt stöðumat. Jafnréttisfulltrúi kynnir málin fyrir jafnréttisnefnd í apríl á hverju ári.
Að námsframboð skólans höfði bæði til karla og kvenna og mismuni ekki kynjum.	Skólameistari Jafnréttisfulltrúi	Fylgjast markvisst með kynjahlutfalli í námi á vegum skólans	Árlegt stöðumat. Jafnréttisfulltrúi kynnir málin fyrir jafnréttisnefnd í apríl á hverju ári
Jafnréttismiðuð kennsla	Skólameistari Jafnréttisfulltrúi Kennarar	Kannað verður hvernig jafnréttissjónarmið falla inn í hefðbundna kennslu. Hluti af kennslumati.	Jafnréttisnefnd fer yfir stöðuna árlega í árslok.

- **Einelti og kynferðisleg áreitni.** Allt starfsfólk og nemendur eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki einelti, kynferðislegri né kynbundinni áreitni. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin innan Fisktækniskólans:

Nr.: STE-010	Fisktækniskóli Íslands	
Útgáfa: 01		
Dags.: 22.03.2020	Jafnréttisstefna	
Höfundur: ÞD		
Samþykkt: KS		
Síða 4 af 7		

- Allir starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti hvorki kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri né kynbundinni áreitni. Kynbundið áreiti er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.
- Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.
- Kynbundin áreitni er hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn hegðun.
- Kynbundið ofbeldi er ofbeldi, hótun um ofbeldi, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis á grundvelli kyns, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi, sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður. Hatursorðræða og/eða móðgandi ummæli/hegðun sem tengist litarhætti, kynhneigð, þjóðernisuppruna, fötlun o.fl., grefur undan sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og hefur oft það að markmiði að styrkja neikvæðar staðalmyndir um viðkomandi minnihlutahóp.
- Telji starfsfólk sig verða fyrir kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni má leita til skólameistara, mannauðsstjóra, trúnaðarmanna stéttarfélaga eða jafnréttisfulltrúa skólans eins og fram kemur í starfsmannastefnu. Í framhaldi er unnið í málinu í samráði við þann sem telur á sér brotið. Haft er samband við aðila málsins og hvorum/hverjum aðila um sig gefinn kostur á að tjá sig um málsatvik. Leitað er sátta ef svo ber undir en málinu komið í lögformlegan farveg takist það ekki eða grunur leikur á að lögbrot hafi verið framið. Á öllum stigum skal tryggt að aðilum máls sé veittur viðhlítandi stuðningur, vilji þeir á annað borð þiggja slíkt.
- Fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni er stöðugt ferli sem miðar að því að allt starfsfólk verði meðvitað um málefnið, geti greint slíkt atferli og brugðist við því ef svo ber undir, sbr 22. gr. jafnréttislaga sem segir að yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum. Telji starfsmaður að jafnrétti sé brotið eða farið á svig við reglur skólans skal hann leita til skólameistara og/eða trúnaðarmanns sem finna málinu farveg.


Nr.: STE-010	Fisktækniskóli Íslands	 Fisktækniskóli Íslands Icelandic College of Fisheries
Útgáfa: 01		
Dags.: 22.03.2020		
Höfundur: ÞD		
Samþykkt: KS		
Síða 5 af 7		
Jafnréttisstefna		

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Kynbundið ofbeldi, kynferðisleg og kynbundin áreitni er ekki liðin í Fisktækniskólanum	Skólameistari Jafnréttisfulltrúar	Allir eru meðvitaðir um að kynbundið ofbeldi, kynferðisleg- og kynbundin áreitni er ekki liðin við skólann.	Stöðumat/árlega. Jafnréttisfulltrúi kynnir málin fyrir jafnréttisnefnd í apríl á hverju ári.
Auka skal fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni til að gera starfsfólk meira meðvitað	Skólameistari Jafnréttisfulltrúar	Fræðslufundur/erindi um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni	Framfylgt á almennum skólafundi í upphafi skólaárs

2.3 SKÓLASTARFIÐ

Í öllu skólastarfi, námi, kennslu og skólanámskrá skal gæta jafnréttissjónarmiða. Jafnframt skal ýtt undir gagnrýna umfjöllun um hefðbundna kynjaskiptingu og kynhlutverk í námi eftir því sem tilefni gefst til.

- Í námi, félagsstarfi og framkomu fyrir hönd skólans á öllum vettvangi skal ávallt gæta þess að kynjahlutföll séu sem jöfnust.
-
- Í kennslu skal unnið markvisst að því að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og eins skal unnið gegn neikvæðum staðalímyndum. Áhersla er lögð á að stuðla að sjálfsvirðingu og sjálfstæði beggja kynja.
- Áhersla er á að uppfræða nemendur sérstaklega um jafnrétti kynjanna og nemendur þjálfaðir í að vinna gegn hvers kyns misrétti.
- Lögð er áhersla á að gefa nemendum kost á að vera virkir og skapandi í starfi óháð kyni. Stefnt er að því að draga úr menningarbundnum kynhlutverkum (val á kynbundnum námsleiðum/hugmyndir um hefðbundin karla og kvennastörf) með fræðslu, starfs og námsráðgjöf.
- Kennarar eru fyrirmyndir sem eiga að stuðla að jafnrétti í orði og í verki. Halda skal fræðslufundi og námskeið fyrir starfsfólk sem snerta jafnréttismál reglulega.

Nr.: STE-010	Fisktækniskóli Íslands	 Fisktækniskóli Íslands Icelandic College of Fisheries
Útgáfa: 01		
Dags.: 22.03.2020		
Höfundur: ÞD		
Samþykkt: KS		
Síða 6 af 7		
Jafnréttisstefna		

Telji nemandi að jafnrétti sé brotið eða farið á svig við reglur skólans skal leitað til skólameistara, námsráðgjafa eða starfsfólks sem finna málinu farveg.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Starfsfólki Fisktækniskólans er gert kleift að samræma fjölskyldulíf og vinnu, m.a. með sveigjanlegum viðverutíma.	Skólameistari Verkefnastjórar Umsjónakennari grunnnáms.	Skipulag stundatöflu hefur að hluta til tekið mið af óskum kennara um starfstíma. Unnið verður enn frekar að því að gera stundatöflu sveigjanlega	Unnið í samráði við viðkomandi starfsmann. Athugað í upphafi hverrar annar.
Tími til undirbúningsvinnu sé sveigjanlegur	Kennarar - samkvæmt kjarasamningi	Að ábyrgð á undirbúningsvinnu sé hjá kennurum, óháð stað og stund.	Árlegt stöðumat
Að karlar og konur þekki og nýti sér réttinn til fæðingarorlofs	Skólameistari Verkefnastjórar Umsjónakennari grunnnáms.	Að upplýsingar um réttindi séu aðgengilegar og skýrar.	Athugað í upphafi meðgöngu eða þegar starfsfólk tilkynnir áætlaða fæðingu.

2.4 Jafnréttisnefnd

Innan Fisktækniskóla Íslands skal starfa jafnréttisnefnd, sem kosin er á skólafundi til tveggja ára í senn. Í jafnréttisnefnd skuli sitja eigi færri en þrjár einstaklingar kennari, starfsmaður og nemandi og gengur annar fulltrúi kennara/starfsmanna úr nefndinni í einu. Hlutverk jafnréttisnefndar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála í skólanum, móta stefnu og áætlanir skólans í jafnréttismálum og fylgja eftir jafnréttisáætlun skólans. Jafnréttisnefndin skal vera ráðgefandi og setja fram 3 ára aðgerðaáætlun í jafnréttismálum fyrir Fisktækniskóla Íslands. Þegar tímaramma aðgerðaáætlunar er lokið metur jafnréttisnefndin árangur eftir fyrir framgefnum markmiðum. Hún skrifar skýrslu sem lögð er fyrir gæðaráð skólans sem tekur ákvörðun um framhald mála í samvinnu við nefndina. Samin er ný 3 ára aðgerðaáætlun. Nefndin taki saman tölur um stöðu kynja í skólanum s.s. kynjahlutfall kennara/starfsmanna - kortleggi hvernig staðan er í skólanum og birti niðurstöður í árskýrslu skólans.

2.5 Aðgerðaáætlun skólaárin 2020 - 2023

- Skólinn stendur árlega fyrir jafnréttisviku (frá mánudegi til fimmtudags) þar sem nemendum skólans er boðið upp á fyrirlestra og kynningar á málefnum tengdum jafnrétti og mannréttindum almennt. Jafnréttisvikan fer fram í byrjun marsmánaðar ár hvert. Jafnréttisnefnd skal leiða undirbúning að jafnréttisviku í samstarfi við kennara, starfsmenn og nemendur. Þá getur nefndin leitað eftir samstarfi við jafnréttisfulltrúa Grindavíkurbær ef við á.

Nr.: STE-010	Fisktækniskóli Íslands	
Útgáfa: 01		
Dags.: 22.03.2020	Jafnréttisstefna	
Höfundur: ÞD		
Samþykkt: KS		
Síða 7 af 7		

- Jafnréttisnefnd skal ásamt félagslífsfulltrúa fund með nemendaráði í upphafi hvefarr annar og standa fyrir jafnréttisfræðslu fyrir nemendaráð og nefndarmenn þar sem nemendaráðsfulltrúar setja saman aðgerðaráætlun vetrarins í jafnréttismálum.
- Kanna skal hlutfall kynja í félagslífi innan Fisktækniskóla Íslands, í nemendaráði og öðrum klúbbum og félögum sem tengjast félagsstarfi nemenda í skólanum. Upplýsingarnar skulu birtast í árskýrslu skólans.
- Fram fari regluleg úttekt á stöðu launajafnréttis við skólann í samræmi við jafnlaunastaðal. Þá skal setja á stofn launanefnd sem starfsmenn geta óskað eftir að skoði launasetningu viðkomandi.
- Fræðsluerindi fyrir kennara um jafnréttismál skal vera á dagskrá kennarafundar í jafnréttisvikunni. Skólameistari í samstarfi við jafnréttisnefnd sér um að fá hæfan fyrirlesara hverju sinni.

MÆLIKVARÐAR

Jafnréttisnefnd setur mælikvarða á helstu þætti stefnunnar þar sem fram komi:

- Markmið sem sett er
- Á hverra ábyrgð það er að ná settu marki
- Hvaða aðgerð þarf til árangurs
- Hvaða eftirfylgni þarf og hvaða tími er gefinn til að ná markmiði

Endurskoðun og samþykkt

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við 18. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 þar sem kveðið er á um að leggja beri áherslu á að tryggja konum og körlum jafnan rétt. Jafnframt segir að jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu og í skólastarfi almennt skuli endurskoða á þriggja ára fresti.

Jafnréttisáætlun þessi er yfirfarin og virkni hennar metin á rýnifundum stjórnenda.

Jafnréttisáætlun þessi var samþykkt af skólameistara Fisktækniskóla Íslands þann 15. september 2020 og verður endurskoðuð fyrir 2023.

Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari

Ásdís Vilborg Pálsdóttir fulltrúi í jafnréttisnefnd og verkefnisstjóri

Klemenz Sæmundsson verkefnastjóri

Páll Valur Björnsson fulltrúi í jafnréttisnefnd og umsjónarmaður grunnnáms